

## Ársskýrsla skrifstofu 2021-2022

### Starfsmannahald og þjónusta:

Þrátt fyrir covid tímabil þá hefur þjónusta félagsins haldist óbreytt og hafa félagsmenn verið duglegir að koma og hafa samband vegna ýmissa mála er vantar að liðsinna með. Á tímabili gat starfsfólk valið sér það að vinna hluta af sínum störfum heima þar sem mest af vinnunni fer fram í gegnum tölvu og net. Var þetta til að minnka áhættuna af fjöldasmiti á skrifstofunni þannig að hún yrði óvirk. Það gerðist ekki og fundu félagsmenn fyrir stöðugri og þéttri þjónustu félagsins, amk þeir sem þurftu á þjónustunni að halda. Vinnumál og vinnustaðainnlit var mikilvægur þáttur af starfseminni sem og að auka sjónrænt aðgengi að efni frá félaginu í formi menningarefnis og spjallefnis. Þá var unnið að gera kynningaefnis um andlega líðan og einkenni andlegra kvilla sem hægt er að finna inná heimasíðu félagsins. Félagsmál og hittingar voru ekki tíðir vegna samkomutakmarkanna en þegar talið var að faraldurinn væri í útrýmingu í haust þá bauð félagið félagsmönnum sínum í hamborgaraveislu og heppnaðist það kvöld frábærlega og gaman að sjá yfir 80 manns koma. Vonandi eru félagsmenn þyrstir í frekari samkomur á næstu misserum og við sjáum skemmtilegt og lifandi félagslíf döff, innan sem utan félagsins.

### Starfsmannahald:

Nýr starfsmaður var ráðinn til félagsins á tímabilinu en Sindri Jóhannsson kom til okkar og sér um upptökur og efnisgerð inn á heimasíðu og fésbókarsíðu félagsins. Hann er upptöku- og klippimaður og mun flytja alþjóðlegar döff fréttir á miðla FH. Sindri er hugmyndaríkur og líflegur starfsmaður og eru væntingar okkar að hann haldi lífi og fjöri í videoefni til döff.

Guðrún Ólafsdóttir er okkar skrifstofudama og sinnir hefðbundinni móttöku á skrifstofunni, svarar og miðlar fyrirspurnum á [deaf@deaf.is](mailto:deaf@deaf.is) og sér um uppgjör og móttöku happdrættissölumanna okkar.

Laila er okkar atvinnuráðgjafi og tengiliður eða brú félagsmanna við kerfið.

Heiðdís starfar að efnisöflun og uppfærslu efnis inn á heimasíðuna, sinnir hagsmuna- og réttindagæslu í samstarfi við löfræðing Félags heyrnarlausra, Karólínu Finnbjörnsdóttur, sinnir erlendum samskiptum og samstarfi, situr sem formaður ÍTM og sinnir stjórnarstörfum í fjölmörgum verkefnum er snúa að hagsmunamálum og starfsemi félagsins.

Guðbjörn „Bubbi“ Sigurgeirsson sinnir málefnum og hittingi aldraðra á miðvikudögum í Gerðubergi, síðar Mörkinni á Suðurlandsbraut og er hann tengill við okkur á skrifstofunni er kann að tengjast málefnum aldraðra sem koma upp.

Daði sinnir síðan daglegum rekstri, fjármálum, starfsmannastjórn, samningum við ríki og borg og skipuleggur alla fjáröflun og tekjuöflun til Félags heyrnarlausra auk þess að vinna með ritstjóra Döffblaðsins við útgáfu þess og tryggja að blaðið standi undir sér í rekstri og útgáfu.

**Rekstur:**

Rekstur Félags heyrnarlausra gengur mjög vel. Félagið er alveg skuldlaust auk þess að eiga varasjóð til ýmissa verkefna er kunna að koma upp. Gott skipulag er á happdrættissölu og öðrum fjáröflunum og auglýsingaöflunum. Á aðalfundi verður ársreikningur gerður upp má búast við jákvæðri afkomu af rekstri síðasta árs.

Með kveðju frá skrifstofunni.